

1860.

8. desemb.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, um bréfburðareyri fyrir póstskeipsbréf frá Íslandi 1859.

Nokkrir Íslendingar og íslenskir kaupmenn, er búa hér í bænum, hafa í bréfi til dómsmálastjórnarinnar sótt um, að bréf þau, er komu til þeirra og annara með gufuskipi, er Óðinn heitir, í aprílmánuði f. á. frá Íslandi til *Liverpool* og þaðan voru send til Belgíu og síðan hingað yfir Þjóðverjaland, verði fram seld án þess fyrir þau sè goldinn sá bréfburðareyri, er póstmálastjórnin hér heimtar; svo hafa þeir og sótt um, að burðareyri sá, er þeir þegar sèu búnir að greiða fyrir bréf þessi, verði endurgoldinn þeim úr almennum sjóði.

Í þessu efni skal þess getið, að eptir að dómsmálastjórnin og fjárhagsstjórnin höfðu skrifazt á um málefni þetta, er þegar fyrir löngu síðan búið að veita þeim, er bréfin voru til, eptirgjöf á öllum hinum innlenda burðareyri fyrir þau, að svo miklu leyti, sem þeir hafa getað sannað heimild sína, og hefir þar að auki hinn útlendi burðareyri fyrir prentuð skjöl, þó þau annars ekki ættu að komast af með burðareyri dagblaða, og fyrir annað það, er senda á með „pakkapósti“, og fyrst var heimtaður burðareyri fyrir eins og fyrir bréf, verið lækkaður svo, að ekki hefir verið goldið meira fyrir þetta en annars er vant að gjalda fyrir það, sem sent er með pakkapósti. En með því nú einn af þeim mönnum, er ritað höfðu undir skjalið til dómsmálastjórnarinnar, Jón Sigurðsson, skjalavörður, sem býr hér í bænum, hefir leitað upplýsingar hjá stjórninni um úrslit málsins, þá biður dómsmálastjórnin bæjarstjórnina um að láta hann vita, að stjórnin ekki geti útvegað hlutadeigendum meira endurgjald fyrir útlát þeirra, þau er að ofan er getið, en þeir þegar eru búnir að fá.

12. desemb. **64. Tilskipun um stofnun barnaskóla í Reykjavík.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegulegt álitsskjal Vars

trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, um 1860.
stofnun barnaskóla í Reykjavík, bjóðum Vær og skipum fyrir á 12. desemb.
þessa leið:

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir menntaða menn yfir höfuð.

Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið án þess hin missi í. Að því leyti fê það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal greiða kostnaðinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar 27. dag nóvembermánaðar 1846 19. gr., og opnu bréfi um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík 26. dag septembermánaðar 1860 3. gr.

2. gr.

Stjórn kirkju- og kennslumálanna skal falið á hendur með ráði stiptysfirvaldanna á Íslandi og annara þeirra manna, er hlut eiga að máli, að skipa fyrir um fyrirkomulag skóla þessa og skyldur bæjarmanna við hann, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru um þesskonar skóla í Danmörku, þó með þeirri tilhögun og breytingum, sem eptir þörfum landsins og ásigkomulagi bæjarins eru nauðsynlegar eður ákjósandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Samkvæmt konungsúrskurði 22. maím. 1853 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík; var málið rætt á alþingi á lögskipaðan hátt og konungi sent um það þegnlegt álitsskjal, en í því fór þingið fram á, að frumvarpi þessu yrði slegið á frest þangað til ákveðnar yrðu nefndum skóla tekjur þær eður féstyrkur, sem samsvari þörfum skólans, og að frumvarpið síðan á ný yrði lagt fyrir þingið. (smbr. Alþ. t. 1853: 1028.—1032. bls. og viðbæti A 11.—14. bls.).

Eptir að búið var að útvega skýrslur og uppástungur þær,

1860.
12. desemb. er þingið hafði farið fram á að fá um áður greint atriði, voru þær ásamt frumvarpinu lagðar fyrir alþingi 1859; var málefni þetta á ný rætt á þinginu á lögskipaðan hátt, og konungi sent um það álitsskjal; og það þingið í því með samhljóða 24 atkvæðum um, að hið umrædda frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík yrði að lögum gjört; þó féllst þingið með 18 atkvæðum gegn 4 á þá breytingu í 1. gr. frumvarpsins, að fyrir aptan orðin: „er nauðsynleg þykir fyrir hvern mann“ í fyrri kafla greinarinnar, yrði bætt þessum orðum: „sem almennt er kallaður vel að sér“¹.

Eptir því, sem sjá má af umræðunum um málefni þetta á alþingi, var tilgangurinn með breytingu þessa sá, að gefa til kynna, að fyrirkomulag skólans ætti að vera á þá leið, að hann ekki aðeins yrði alþýðuskóli, heldur yrði áþekkur borgaraskólum í Danmörku; og með því þetta einnig var tilgangurinn með orð þau, sem eru í frumvarpinu, þar sem rætt er um þá kennslu, er nauðsynleg þykir fyrir hvern mann, þá þótti stjórninni vel mega fara, að taka það skýrar fram, sem í orðunum lægi samkvæmt ósk þingsins; en þaræð þau orðatiltæki, er þingið stakk upp á, þóttu ekki sem heppilegast valin, var frumvarpinu breytt þannig, að í staðinn fyrir orðin: „er þykir nauðsynleg fyrir hvern mann“, var sett: „er þykir nauðsynleg fyrir menntaða menn yfir höfuð“, og virtist svo sem það, er alþingi vildi bæta inn í frumvarpið, væri með þessu móti nógu ljóslega tekið fram.

Með því enn fremur ákvörðunin í 3. gr. í opnu bréfi 26. septemberm. 1860, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, hefir gjört breyting á því, sem ákveðið er í 19. gr. í tilskipun um stjórn Reykjavíkur bæjar, 27. nóvemberm. 1846, að því leyti snertir niðurföfnun á gjaldi til skólans, þá varð að breyta niðurlagi 1. greinar frumvarpsins þannig, að í staðinn fyrir orðin: „skal jafna kostnaðinum niður á bæjar-

1) Fyrri kafli 1. greinar í frumvarpinu hljóðar þannig: „Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir hvern mann“.

mennt, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkur bæjar, dagsettri 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr." — var sett: ^{1860.} 12. desemb.
 "skal greiða kostnaðinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar 27. dag nóvembermánaðar 1846 19. gr., og í opnu bréfi um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík 26. dag septembermánaðar 1860 3. gr."¹.

Eftir að búið var að laga frumvarpið eftir því, sem nú hefir verið á vikið, lagði ráðgjafi kirkju- og kennslumálanna það fyrir konung með skýrslu sinni um málið, og féllst hans hátign allramildilegast á, að út skyldi koma lagaboð það, sem prentað er hér að ofan, um stofnun barnaskóla í Reykjavík.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun til Hermanns Jónssonar málaflutningsmanns, fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri, er sett var í fjárkláðamálinu. 28. desemb.

Samkvæmt uppástungu yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi 5. f. m., leyfir dómsmálastjórnin, að Hermanni Jónssyni málaflutningsmanni sé greidd sæmileg þóknun af þeim 10,000 rdl., sem veittir eru í fjárlögum þessa árs, 14. gr. 23. tölulið, fyrir skrifarastörf í nefnd þeirri, er til bráðabyrgða var sett í Reykjavík vegna fjárkláðans; er yður falið að ákveða, hvað mikil þóknun þessi skuli vera; þó má hún ekki vera meiri en 60 ríkisdalir, fyrir tímabilið frá 16. júní í sumar er leið og til loka þessa fjárhagsárs. Þegar búið er að ávísa fê þessu til

¹) Allur síðari kaffi 1. greinar í frumvarpinu hljóðar þannig: „Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið án þess hin missi í. Að því leyti fê það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal jafna kostnaðinum niður á bæjarmenn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkur bæjar, dagsettri 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr.”.